

# GUÐMUNDUR EINARSSON FRÁ MIÐDAL - UPPHAF LEIRMUNAGERÐAR Á ÍSLANDI

## Eiríkur Þorláksson listfræðingur

### Brautryðjandi

Guðmundur Einarsson var fæddur í Miðdal í Mosfellssveit 1895, og var oftast kenndur við þann stað. Hann mun snemma hafa ákveðið að verða listamaður, og nam á unglingsárum í teiknskóla Stefáns Eiríkssonar myndskurðarmanns í Reykjavík, en hélt síðar til Kaupmannahafnar og var þar tvo vetur í námi, fyrst í teiknskóla Viggos Bjergs og síðan í konunglega Fagurlistaskólanum. Þaðan hélt hann til Þýskalands haustið 1921, nánar tiltekið til München, en þar átti hann eftir að stunda fjölþætt listnám næstu árin, einkum á sviði höggmyndagerðar, en jafnframt tileinkaði hann sér helstu þætti annarra listmiðla, t.d. koparstungu. olúmálun og leirlistar. Hann fékkst við allar þessar listgreinar og t.d. vatnslitamálun að auki.

Sú myndlist sem Guðmundur skapaði um ævina hefur helst verið kennd við eins konar áttthagalist eða náttúrurómantik, sem ef til vill eigi meira skylt við þjóðlega rómantik 19. aldarinnar en alþjóðlegri stefnur í anda mórernisma 20. aldar. Þessi túlkun á list Guðmundar mótaðist á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, þegar óhlutbundna málverkið réð ríkjum í landinu, en það er löngu tímabært að taka þessa túlkun til endurskoðunar.

Guðmundur var mun fjölhæfari listamaður en flestir gera sér grein fyrir. Hann vann jöfnum höndum sem listmálari og myndhöggvari, og var í reynd brautryðjandi á ýmsum sviðum. Þannig var félagið Íslensk grafík fyrst stofnað 1954 og síðan endurreist 1969, en Guðmundur hafði hins vegar gert sínar fyrstu grafíkmyndir upp úr 1920, og hélt fyrstu grafíksýninguna sem haldin var hér á landi árið 1925. Leirlistafélag var fyrst stofnað hér á landi 1981, en Guðmundur hafði komið á fót fyrsta leirmunaverkstæðinu á Íslandi rúmri hálfri öld fyrr, og var í tæpa tvo áratugi eini listamaðurinn sem sinnti þessari listgrein af fullri alvöru.

Það er áhugavert að kanna nánar á hvern hátt það gerðist, að ungur myndlistarmaður, nýkominn frá námi erlendis, varð fyrstur til að stofna til vinnslu listmuna úr leir hér á landi, þrátt fyrir að ýmsar hindranir birtust vissulega á við undirbúninginn.

### Töluvert átak

Um svipað leyti og náminu í Þýskalandi lauk var það orðinn ásetningur Guðmundar að leita hófanna með að hefja leirmunagerð á Íslandi. Eins og eðlilegt mátti teljast, leitaði hann stuðnings við hugmyndir sínar á opinberum vettvangi. Veturinn 1926 fór fram á Alþingi umræða um fjárlög fyrir árið 1927, og þá lagði Magnús Jónsson, þingmaður Reykvíkinga og síðar ráðherra, fram breytingartillögu þess efnis að Guðmundi Einarssyni myndhöggvara yrði veittur styrkur að upphæð kr. 4000,00 til að setja upp leirbrennsluofn til myndgerðar.

Til stuðnings tillögunni benti Magnús m.a. á að hér gæti orðið um þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki að ræða:

*„... það er mikið keypt inn af allskonar útlendum smíðisgripum, og er sumt af þessu heldur lélegur verksmiðjuíðnaður. Væri því mikilsvirði að fá þetta gert í landinu sjálfu. Það er því í rauninni enginn listastyrkur, sem hér er farið fram á, heldur styrkur til að koma upp innlendri iðnaðargrein.“*

Og þingmaðurinn benti á að listamanninn skorti höfuðstól til að hefja framkvæmdir:

*„En ofnar þessir eru afar dýrir, og hann getur ekki komið honum upp nema hann fái 4 þús. kr. styrk til þess. Ég veit að vísu ekki, hvernig þessir ofnar eru gerðir, en víst er um það, að þeir þurfa að vera mjög vandaðir og listamaðurinn þarf að geta haft fullt vald á öllu meðan á brennslunni stendur.“<sup>1</sup>*

Ekki voru allir þingmenn jafn skilningsríkir á möguleika nýrra listgreina eða listiðju almennt. Hákon Kristófersson, þingmaður Barðstrendinga, taldi þetta tæpast nauðsynlegt, enda þekkti hann ekki til listamannsins, og opinberaði síðan vanþekkingu sína á eðli leirbrennsluofna þegar hann bætti við:

*„Mér var líka sagt af bæjarmanni hér í morgun, - en ég ábyrgist vitanlega ekki, að sagan sé sönn, - að þetta sé sá sami Guðmundur sem flutti inn áhöld til brennivinsgerðar, og að það hafi einnig komist svo langt, að töluvert hafi verið unnið að áfengisbruggi uppi í Miðdal, meira að segja að tvær tunnur hafi verið á stokkunum úti í fjósi. Ég vona nú að það eigi ekki að hafa fjárhæð þessa til að kaupa einhver svipuð áhöld.“<sup>2</sup>*

Þessi ummæli sýna að gróusögur hafa snemma verið endurteknar á Alþingi, þó ekki væri fyrir þeim flugufótur, en þingmenn vandari að virðingu sinni - að þessu sinni Ásgeir Ásgeirsson, æskuvinur Guðmundar og síðar forseti - hafa þurft að reka þær ofan í viðkomandi.<sup>3</sup> - Kenningin um bruggið í Miðdal og hugsanleg tengsl Guðmundar við það hefur líkast til aðeins verið skemmtilegt krydd í tilveru bannáranna, en hafði þrátt fyrir það tæpast nokkur áhrif á afgreiðslu málsins.

Erindi Guðmundar var hafnað að þessu sinni; tíðarandinn var á móti ríkisstyrkjum til atvinnuveganna, og því hefur rökstuðningur Tryggva Þórhallssonar, þingmanns Strandamanna og síðar forsætisráðherra, líkast til vegið þyngst, þegar hann upplýsti að fjárveitinganefnd væri á móti þessari tillögu:

*„... með því að hún lítur svo á, að hér sé fremur um nýja iðnaðargrein en listamannastyrk að ræða, og sér ekki sérstaka ástæðu til að ríkissjóður fari að styrkja þennan iðnað.“<sup>4</sup>*

## Úr rætist

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu lét Guðmundur ekki hugfallast; hann hélt áfram að sinna listinni á ýmsum sviðum af mikilli elju, og vann jafnframt áfram að því að láta drauminn um leirmunagerð rætast. 1927 fékk hann leigt hús Listvinafélagins á Skólavörðuholti, með það í huga að setja þessa starfsemi þar upp, jafnframt því sem hann hafði þar vinnustofu og hélt listsýningar. Hann leitaði einnig eftir fjárstuðningi hjá einkaaðilum til að koma undirbúningi af stað, og hóf á eigin vegum rannsóknir (en síðar með tilstuðlan hins opinbera) á íslenskum leir, sem gæti orðið heppilegt hráefni fyrir leirmunagerðina. Í þeim tilgangi safnaði hann sýnishornum víða að og sendi sum þeirra til Þýskalands til frekari rannsókna; þar naut hann mikillar velvildar og óskoraðs trausts fyrrum kennara sinna í München, sem aðstoðuðu hann eftir föngum við tilraunir með

íslenska leirinn, m.a. með því að útvega honum aðstöðu til að meta leirinn, blanda, móta og brenna í Þýskalandi. Þessar tilraunir voru grundvöllur þess sem síðar var gert.

1929 var Guðmundur loks tilbúinn að hefja framkvæmdir. Síðla vetrar hélt hann á ný til Þýskalands, að þessu sinni til að láta smíða fyrir sig þau tæki, sem hann þurfti til að koma leirmunagerðinni á laggirnar; þar var brennsluofninn mikilvægastur. Þessi tæki voru framleidd sérstaklega fyrir Guðmund hjá þekktu fyrirtæki á þessu sviði, Königbauer's í München.

Þegar hann hélt heim á leið var fram undan mikið verk við uppsetningu tækja og öflun leirs, áður en fyrstu gripirnir gætu komið úr hinum nýja kolakynta brennsluofni. Við þann undirbúning naut Guðmundur um skeið aðstoðar frá ungum þýskum leirkerasmið, Hans Kragl, sem hafði unnið í leirmunaverksmiðju í Þýskalandi, en hann starfaði hér í um hálf t. ári á meðan leirbrennslan var að komast af stað. Í þessu brautryðjendastarfi var þó væntanlega ekki síður mikilvægur þáttur Lydíu Pálsdóttur, sem einnig kom með frá Þýskalandi vorið 1929. Lydía hafði þá nýlengi þriggja ára námi í leirlist við Handíðaskólann í München, og kunni vel til verka, enda átti hún eftir að eiga mikinn þátt í þeirri velgengni og vinsældum, sem leirmunagerðin naut um langt árabil.

Fyrsta brennslan í kolaofninum góða fór fram í nóvember 1929, og má ímynda sér að það hafi verið sem helgistund, þegar ofninn var lokið upp og fyrstu gripirnir teknir út úr honum. Til þeirrar athafnar var boðið nokkrum vinum og vandamönnum, svo og helstu stuðningsmönnum Guðmundar í þeirri löngu baráttu, sem þessi stund hafði kostað. Í þakklætisskyni fyrir stuðninginn og þolinmæðina fengu allir viðstaddir með sér einn hinna nýbrenndu smágripa, þegar haldið var heim á leið um kvöldið.

Enn átti eftir að yfirstíga ýmis vandamál áður en hægt var að hefja framleiðsluna af fullum krafti. Sum voru tæknilegs eðlis; mikið af munum eyðilagðist í brennslu, vegna þess hve leirinn var misjafn að gæðum, og blöndun hans var mikið vandaverk, sem ná þurfti tókum á. Álitlegust var blanda ísaldarleirs úr Búðardal og hveraleirs utan af Reykjanesi. Önnur vandamál sneru að kostnaði fyrirtækisins, og hans vegna leitaði Guðmundur aftur til Alþingis. Að þessu sinni urðu viðtökurnar aðrar og betri en í fyrri tilraun.

Í mars 1930 fjallaði Alþingi um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1931, og þar lagði fjárveitinganefnd til undir liðnum „Til verklegra fyrirtækja“ að Guðmundi Einarssyni myndhöggvara yrði veittur styrkur að upphæð kr. 5000,00 „til þess að setja upp leirbrennsluverksmiðju“.

Í greinargerð með tillögu sinni benti fjárveitinganefnd á, að Guðmundur hafi látið gera ítarlegar rannsóknir á íslenskum leir, sem gæfu góðar vonir fyrir landsmenn: „Niðurstaða þeirra tilrauna og rannsókna er sú, að sumar leirtegundir íslenskar standi ekki að baki bestu leirtegundum erlendum til ýmiskonar iðnaðar, og að til séu hér óþrjótandi námur af nothæfum leir til brennslu. Nú hefir hann brotist í því að afla sér fullkominna tækja til leirbrennslu, en vantar 5000 kr. til þess að kljúfa þann kostnað, og sækir hann nú um þá hjálp til Alþingis.“<sup>5</sup>

Afstaða þingmanna nú, fjórum árum eftir að svipað erindi var fyrst lagt fyrir þá, kann að nokkru að hafa markast af breyttum kringumstæðum. Heimskreppan var skollin á, og þó

hún væri ekki enn lögst yfir landið með fullum þunga, hafa vökulir stjórnámálamenn gert sér grein fyrir, að það væri vel þess virði að styðja við bakið á hverju því framtaki, sem gaf von um nokkra atvinnu og aukna innlenda framleiðslu.

### **Sýning á Alþingi**

Í umræðum um málið komst framsögumaður nefndarinnar, Bjarni Ásgeirsson, þingmaður Mýramanna, m.a. svo að orði um hið tilvonandi fyrirtæki:

„Guðmundur kom á fund nefndarinnar og skýrði henni frá fyrirætlunum sínum. Stofnkostnaður slíkrar verksmiðju, sem hér er um að ræða, er um 10 þús. kr., og hefir Guðmundur þegar tryggt sér helming þeirrar upphæðar, en vantar þessar 5000 kr., sem nefndin leggur til að honum verði veittar. Hefir Guðmundur þegar verið sér úti um ýmis hin nauðsynlegustu tæki til leirbrennslu, svo sem leirbrennsluvél, hnoðara og rennibekk, og veit ég ekki betur en að hann sé þegar búinn að fá þessi tæki hingað upp, í þeirri von að honum myndi takast að afla fjár til fyrirtækisins.“<sup>6</sup>

Til að gefa öðrum þingmönnum kost á að sjá framleiðsluna með eigin augum, bauð Bjarni þeim upp á sýningu úr ræðustól, sem væri enn í dag talið óvenjuleg uppkoma í söllum Alþingis:

„Guðmundur ber aðallega fyrir brjósti að gefa íslenskum listamönnum tækifæri til að móta ýmsa skrautmuni úr leir. Tók ég með mér ýmsa muni hingað á fundinn, sem Guðmundur hefir mótað, sem sýnishorn þess, hvað gera má úr hinum íslenska leir. Geta háttvirtir þingdeildarmenn fengið að sjá þessa muni, ef þeir vilja; hér er t.d. forkunnarfagur bikar, sem Guðmundur hefir gert.“

Og þingmaðurinn nefndi fleiri möguleika:

„En það er fleira, sem gera má úr hinum íslenska leir, t.d. þakhellur á hús, venjulegan borðbúnað (Guðmundur hefir þegar gert sér sjálfum einn, fallegan í mesta máta), og svo mætti lengi telja.“

Og loks:

„Yfirleitt má segja það, að með þessari tilraun Guðmundar frá Miðdal sé verið að skapa möguleikana fyrir fullkominni iðngrein á því sviðinu, sem við áttum enga áður.“<sup>7</sup> Hið síðastnefnda voru sterk rök á tímum yfirvofandi kreppu og atvinnuleysis; tillagan var samþykkt samhljóða.

### **Regluleg starfsemi hefst**

Að fengnum þessum stuðningi gat Guðmundur hafist handa af fullum krafti, og má segja að 1930 sé hið raunverulega upphafsár leirlistar á Íslandi. Þá náðu Guðmundur og aðstoðarfólk hans fullum tókum á íslenska leirnum, sem var notaður við vinnsluna, svo og hinum nýju vinnutækjum, en kynding brennsluofnsins var t.d. flókið ferli, og þurfti um hálf tonn af kolum til að ná upp nægum hita fyrir hverja brennslu. Þessir byrjunarörðugleikar voru ekki yfirstaðnir í tíma fyrir Alþingishátíðina 1930, þannig að ekki tókst að vinna leirmuni í tilefni hennar; undir haustið má þó segja að framleiðslan hafi loks verið komin á nokkurn rekspól. Síðast en ekki síst ber að telja, að fyrsta sýningin á íslenskri leirlist var haldin í desember 1930.

Sunnudaginn 7. desember 1930 birtist stutt og yfirlætislaus frétt í Morgunblaðinu:

„Listsýningu opnar Guðmundur Einarsson frá Miðdal í dag á málverkum, höggmynd og munum úr íslenskum leir. Sýningin er í Listvinafélagshúsinu og verður opin framvegis frá kl. 10 f.h. til 9. e.h. Á sýningunni eru m.a. um 200 munir brenndir úr íslenskum leir ...“<sup>8</sup>

Strax fyrsta daginn komu vel á annað hundrað gesta á sýninguna, og voru viðtökur almennings mjög góðar, eins og kom fram í sama blaði tveim dögum síðar:  
*„... seldust þegar fyrsta daginn 50 munir, eða nær fjórði hluti sýningarinnar. Sýnir þetta glöggst hvað fólki finnst mikið til þeirra koma ...“<sup>9</sup>*

Í blaðaviðtali við Guðmund sem birtist viku síðar var fjallað um aðdraganda leirbrennslunnar, og lýsti Guðmundur þar nánar eiginleikum íslenska leirsins, tilraunum sínum með hann og loks verkunum á sýningunni:

*„Fullgert höfum við um 200 muni, sem eru á sýningu minni, sem mest megnis eru gerðir eftir uppdráttum mínum, eða þá að ég hef mótað þá. Þar eru myndir, skrautker, kertastjakar og ýmsir aðrir gagnlegir munir. Þar er og fyrsti teborðbúnaðurinn, sem gerður er úr íslensku efni.“<sup>10</sup>*

Og það gætir stóls og bjartsýni í lokaorðum listamannsins, þegar hann lítur til framtíðarinnar:

*„Það er skoðun mín, að hér séu opnir víðir og ótæmandi möguleikar til að notfæra sér íslenskan leir. ... Fyrir listamenn okkar opnast ný svið.“<sup>11</sup>*

Leirlistin var loks orðin virkur miðill í íslenskri myndlist.

### **Fjölbreytt framleiðsla**

Leirmunagerð Guðmundar frá Miðdal í Listvinahúsi var sú eina sinnar tegundar hér á landi í rúmlega hálfan annan áratug, og framleiðsla hennar náði fljótt miklum vinsældum. Sú gerð leirverka sem Guðmundur byrjaði á að framleiða spratt eflaust af rótum þeirra hefða sem hann hafði kynnst á þessu sviði í námi sínu í Þýskalandi, og þaðan fékk hann einnig marga þá liti og glerunga sem notaðir voru við framleiðsluna en sum efnanna komu síðar frá Danmörku. Renndir vasar voru gjarnan skreyttir með útskurði eða öðrum hætti, og málun gripanna var mikilvægur þáttur.

Fljótlega mótaði Guðmundur einnig verk með myndefnum sem höfðuðu sterkt til landsmanna, en meðal þeirra má nefna smástyttur af íslenskum sjómönnum, þjóðsagnakenndum verum, hestum, selum og ísbjörnum, að ógleymdum hinum þekktu fuglamyndum, þar sem fálkann, rjúpunar og hrafninn bar hæst.

Listmunir voru lengstum stærsti hluti framleiðslunnar í Listvinahúsi, en þar að auki var einnig unnið nokkuð af nytjahlutum, svo sem könnur, vasar og skálar af ýmsum stærðum og gerðum. Framan af voru haldnar árlegar sýningar á listmununum, og vöktu þær jafnan mikla athygli; fólk vildi fylgjast með nýjungum á þessu sviði. Þegar kom fram á stríðsárin má hins vegar segja að þessar sýningar hafi lagst af vegna mikillar eftirspurnar, þótt það hljómi ótrúlega; eftirspurnin var orðin slík að gripirnir seldust nánast jafnóðum og þeir komu úr ofninum. Til að koma til móts við vaxandi sölu á listmunum frá leirmunagerðinni var árið 1940 bætt við nýjum, stórum rafmagnsöfni, sem Ívar Markússon í Héðni smíðaði fyrir Guðmund; loks var þriðji ofninn keyptur frá Svíþjóð 1947.

Listvinahúsið varð snemma nokkuð stór vinnustaður, og Guðmundur flutti loks úr húsinu á Skólavörðuholti (þar sem nú er vesturhluti Iðnskólans) með fjölskyldu sína árið 1939; eftir það var eingöngu leirmunagerð og –sala þar. Þegar mest var munu hafa

verið 15-16 starfsmenn starfandi hjá Guðmundi við framleiðsluna, bæði lærlingar og aðstoðarfólk, og hafði vonin um nýjan listiðnað hér á landi þannig orðið að veruleika að vissu marki.

Svo mikil starfsemi kallaði á gott skipulag hinna margvíslegu verkþátta. Sköpunarferlið gekk að mestu leyti fyrir sig með þeim hætti að eftir að Guðmundur hafði skapað langflesta listmunina, sem ekki voru unnir á snúningsskífu, voru gerð af þeim mót, og síðan var vinnan að mestu í höndum Lydíu, aðstoðarfólks og lærlinga. Þau sáu einnig um að renna skálar og vasa sem síðar voru skornir út eða málaðir. Með þessu fyrirkomulagi var hægt að ná fram nokkuð góðum afköstum og auka fjölda framleiddra gripa, en um leið var tryggt að engir tveir gripir voru eins; þar kom bæði til fjölbreytt málun þeirra og sá sérstæði blær sem þeir fengu við brennsluna í kolaofninum – en örlítill reykur komst ætíð inn í ofninn og hafði þannig áhrif á yfirborð leirmunanna.

Kona Guðmundar, Lydía Pálsdóttir, var án efa mikilvægasti samstarfsmaður hans við leirmunagerðina alla tíð. Hun var vel menntuð á þessu sviði, og fékk t.d. meistarabréf sitt í greininni á undan Guðmundi. En fljótlega bættust fleiri í hópinn; Sveinn Einarsson, bróðir Guðmundar, varð fyrsti lærlingurinn, en síðar bættust fleiri við í gegnum árin, og má nefna þá Baldur Ásgeirsson, Garðar Hólm, Ragnar Kjartansson og loks Einar, son Guðmundar, sem síðar tók við rekstri leirmunagerðarinnar 1956. Sigríður Björnsdóttir, systir Sveins Björnssonar síðar forseta, hafði numið leirlist í Þýskalandi og starfaði einnig um tíma í Listvínahúsinu. Einar Guðmundsson eignaðist fyrirtækið um 1960 og er það enn við lýði, í höndum þriðju kynslóðar.

Leirmunir Guðmundar frá Miðdal sem framleiddir voru í Listvínahúsinu á Skólavörðuholti, sumir fram yfir 1980, dreifðust mest frá fyrirtækinu inn á flest heimili í landinu á mikilvægum tíma í mótunarskeiði íslenskrar þjóðar, frá 1930-1950. Þar áttu þeir drjúgan þátt í að þroska smekk manna á fögnum hlutum, og enn eru fjölmargar styttur Guðmundar meðal helstu dýrgripa heimila Íslendinga, sem kunna enn að meta vel gerða hluti. Ekkert fyrirtæki á listasviðinu getur óskað sér betri eftirmæla.

Eiríkur Þorláksson

<sup>1</sup> Alþingistiðindi 1926, A-hluti, bls. 453-4.

<sup>2</sup> Ibid., bls. 494-5.

<sup>3</sup> Ibid., bls. 584-6.

<sup>4</sup> Ibid., bls. 521.

<sup>5</sup> Alþingistiðindi 1930, A-hluti, bls. 631.

<sup>6</sup> Ibid., B-hluti, bls. 95-6.

<sup>7</sup> Ibid.

<sup>8</sup> Morgunblaðið, 7. desember 1930, bls. 14.

<sup>9</sup> Morgunblaðið, 9. desember 1930, bls. 4.

<sup>10</sup> Morgunblaðið, 14. desember 1930, bls. 14.

// Ibid.

Inngangskafli í bókinni *Listvinahús - Guðmundur frá Miðdal*, útg. Arctic Bækur, Kópavogur 2006.